



HÁSKÓLI ÍSLANDS
SIÐFRÆÐISTOFNUN

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 14. des. 2021, kl. 13:00 (fjarfundur). Mætt voru: Vilhjálmur Árnason (VÁ), Sólveig Anna Bóasdóttir (SAB), Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir (KPP) og Henry Alexander Henrysson (HAH). Elínborg Sturludóttir var fjarverandi. Páll Rafnar Þorsteinsson (PRÞ) sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð samþykkt.

2. Helstu atriði/verkefni frá síðasta fundi (23. mars 2021).

- a. Starfshópur rektors um rekstur spilakassa á vegum HHÍ: ályktun og afdrif
HAH var fulltrúi Siðfræðistofnunar í starfshópnum og greindi hann frá vinnu og ályktun hópsins í þá veru að hvetja HHÍ til þess að hafa frumkvæði að innleiðingu skaðaminnkandi úrræða sem völ er á, óháð viðbrögðum samkeppnisaðila. PRÞ sagði frá afdrifum málsins sem þokast hefur hægt frá því starfshópurinn lauk störfum. Niðurstöður voru kynntar á fundi háskólaráðs í haust og fyrirhugaðir eru fundir fulltrúa HÍ með HHÍ annars vegar og Menntamálaráðuneyti hins vegar. Samþykkt var að Siðfræðistofnun fylgdi málinu eftir gagnvart HÍ.
- b. Styrkumsókn til Rannís: „Trust in Pandemic Times. A Philosophical Investigation”
VÁ sagði frá umsókn um styrk úr Rannsóknasjóði vegna verkefnis um traust til stjórnvalda og heilbrigðiskerfis á tímum heimsfaraldurs.
- c. Samtalsfundur um dánaraðstoð (25. júní) og samskipti við LÍ
PRÞ greindi frá samtalsfundi um dánaraðstoð sem fram fór í Veröld þann 25. júní sl. Fundinn sóttu nokkrir sérfræðingar (siðfr., hjúkrunarfr. og læknisfr.) og kom þar m.a. fram ríkur vilji til þess að stuðla að opinni og upplýstri umræðu um efnið. Leitað var eftir samstarfi við Læknafélag Íslands en hefur félagið ekki reynt tilbúið til þátttöku þessari umræðu. Var stjórn sammála um að stefna skyldi að opnum fundi um efnið með eða án aðkomu LÍ.
- d. Samstarf við Forsætisráðuneyti um eflingu trausts
PRÞ greindi frá samstarfi við Forsætisráðuneyti. Samningur við ráðuneytið rennur út um áramót en nokkrum veigamiklum þáttum í aðgerðaáætlun stjórnvalda er ólokið. Hafa fulltrúar ráðuneytis látið í ljósi áhuga á áframhaldandi samstarfi í einhverri mynd. Samþykkt var að leitast eftir framlengingu samnings og PRÞ falið að annast samskipti við ráðuneyti.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
SIÐFRÆÐISTOFNUN

- e. Verkefni fyrir Menntamálaráðuneytið um siðferði og gervigreind á vegum UNESCO
PRP sagði frá vinnu fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna tilmæla UNESCO um siðfræði og gervigreind, þ.á m. þátttöku í þremur samningalotum í vor/sumar og aðalráðstefnu UNESCO í nóvember sl.
- f. Fyrirlestur um skyldur Íslands í loftslagsmálum
VÁ sagði frá fyrirlestri um skyldur Íslands í loftslagsmálum, sem Hlynur Orri Stefánsson flutti á vegum stofnunarinnar þann 26. nóvember. Í pallborði sátu núverandi og fyrrverandi umhverfisráðherra, auk framkv.stj. Landverndar.
- g. Ráðgjöf um siðareglur
PRP greindi frá ráðgjöf vegna innleiðingar Ríkislögreglustjóra á reglum um viðtöku gjafa og fríðinda, sem og vegna endurskoðunar siðareglna lögreglu, sem fyrirhuguð er vorið 2022.
- h. Ný heimasíða
PRP sagði frá nýrri heimasíðu stofnunarinnar sem komin er í gagnið.

3. Tilnefningar

- a. Starfshópur um stofnun þverfaglegrar ráðgefandi siðanefndar um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu.
Ráðherra skipaði VÁ í starfshóp um stofnun ráðgefandi siðanefndar.
- b. Starfshópur um blóðmerarhald: ANR óskar eftir tilnefningu
Samþykkt var að fela PRP og VÁ tilnefna einstaklinga í starfshóp ANR.

4. Verkefni framundan

- a. Ársfundur í janúar: tímasetning og ákvörðun um efni
Samþykkt var að þema ársfundar skyldi vera bólusetningar vegna Covid-19. Tímasetning óráðin en miðað skal við dagsetningu undir lok janúar. Ráðgert að halda fund með áheyrendum í sal, ef kostur er, en með möguleika á þátttöku í gegnum fjarfundarbúnað og jafnvel upptöku. VÁ og PRP falið að annast undirbúning.
- b. Mánaðarlegir hádegisfundir á vormisseri
VÁ greindi frá áformum um að halda reglulega hádegisfundi um málefni sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélagsumræðu hverju sinni. Velt var upp hugmyndum að efni, t.a.m. slaufunarmenning, dýravelferð (blóðmerahald) ofl. VÁ og PRP falið að skipuleggja.
- c. Málþing: Dánaraðstoð / Fagmennska
Rætt var um að halda málþing á vormisseri. Tvo efni koma einkum til greina: Dánaraðstoð og Fagmennska. Nokkur umræða hefur verið um dánaraðstoð (sbr. lið 2. c.) og var samþykkt var að stefnt skyldi að málþingi um efnið á vomisseri. VÁ og PRP falið að annast undirbúning.
- d. Heimsókn A.C. Grayling og minningarlestur um PSK í lok mars



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SIÐFRÆÐISTOFNUN

PRÞ greindi frá að allar líkur væru á að loks verði af heimsókn A.C. Grayling sem ítrekað hefur verið frestað af sóttvarnarástæðum. Ráðgert er að Grayling haldi minningarfyrirlestur Páls Skúlasonar í lok mars. Samþykkt var að komi aftur til frestunar verði minningarfyrirlestur PSk haldinn í júní og gert ráð fyrir að fyrirlesari næsta árs hlaupi í skarðið ef kostur er. Ræddar voru tillögur að fyrirlesara fyrir 2023. VÁ falið að bera umrædda hugmyndi undir viðkomandi.

- e. Bioethics and Political Philosophy í Skálholti (1.–4. Júní 2022)
VÁ sagði frá fyrirhugaðri málstofu sem haldin verður í Skálholti dagana 1.-4. júní. Málstofan, sem frestað hefur verið í tvígang vegna heimsfaraldurs, er hluti af norrænu verkefni: Bioethics and Political Philosophy: Nordic Perspectives.
- f. Framlenging samnings við Forsætisráðuneyti
Sjá lið 2. d.
- g. Endurskoðun starfsreglna stofnunarinnar
Stuttar umræður urðu um stöðu stofnunarinnar, en málinu frestað.
- h. Útgáfa: nýr titill í ritröðinni Siðfræði og samtími
Greinasafnið um sjálfræði og fólk með þroskahömlun, sem fyrirhugað er að komi út í ritröðinni Siðfræði og samtími, er komið í ritrýniferli sem gengur vel. Mögulega tilbúin til útgáfu síðla vors en líklegra haustið 2022.

5. Önnur mál

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 14:32